

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Íslenska brúðuleikhúsið Jón E. Guðmundsson.

1. gr.

Heiti.

Jón Eyþór Guðmundsson, kt. 050115-4539, stofnar hér með sjálfseignarstofnunina „Íslenska brúðuleikhúsið - Jón E. Guðmundsson“ (hér eftir nefnd stofnun), samkvæmt viljayfirlýsingu hans, dags. 5. október 1996.

2. gr.

Aðsetur.

Aðsetur stofnunarinnar er að heimili Jóns Eyþórs Guðmundssonar að Kaplaskjólsvægi 61, Reykjavík, svo lengi sem hann býr þar og stýrir stofnuninni.

3. gr.

Fyrsti stjórnarmaður/ábyrgðarmaður/framkvæmdastjóri.

Stjórn stofnunarinnar er í höndum Jóns E. Guðmundssonar, svo lengi sem hann hefur heilsu og vilja til.

4. gr.

Annar stjórnandi.

Bresti Jón E. Guðmundsson vilja eða heilsu til að stjórna stofnuninni, eða falli hann frá, taki næst við stjórn stofnunarinnar sonarsonur hans, dr. Eyþór Eyjólfsson, sbr. viljayfirlýsingu Jóns E. Guðmundssonar, dags. hinn 5. október 1996.

5. gr.

Kjör stjórnanda.

Bresti stjórnanda stofnunarinnar heilsu eða vilja til að fara með stjórn stofnunarinnar, boðar fulltrúaráð (sbr. 6. gr.) alla afkomendur Jóns E. Guðmundssonar á fund. Velja þeir úr sínum hópi einn aðila (mann) til að fara með stjórn stofnunarinnar. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg og þarf hinn kjörni stjórnandi að fá a.m.k. 60% greiddra atkvæða.

Falli stjórnandi skyndilega frá skal fulltrúaráð boða alla afkomendur Jóns E. Guðmundssonar á fund, sem velur nýjan stjórnanda stofnunarinnar með sama hætti og greinir í 1. mgr. þessarar greinar.

Nái enginn aðili 60% greiddra atkvæða skal fara fram önnur atkvæðagreiðsla. Sá sem flest atkvæði hlýtur í þeirri kosningu skal taka við stjórn stofnunarinnar.

6. gr.

Fulltrúaráð.

Skipa skal þriggja manna fulltrúaráð, sem verði stjórnanda stofnunarinnar til ráðuneytis, óski hann þess. Fyrsta fulltrúaráð skal skipað þremur börnum Jóns E. Guðmundssonar, sbr. viljayfirlýsingu hans dags. 15. ágúst 1997. Bresti fulltrúa vilja eða heilsu til setu í fulltrúaráði eða falli hann frá, skal nýr fulltrúi kosinn samkvæmt ákvæðum 5. gr. Fulltrúaráð getur ekki tekið ákvarðanir nema það sé fullskipað. Fulltrúaráði er almennur og daglegur rekstur stofnunarinnar óviðkomandi nema því aðeins að hann brjóti í bága við ákvæði þessarar skipulagsskrár, sbr. einkum 9. gr.

Hlutverk fulltrúaráðs er:

1. að boða alla afkomendur Jóns E. Guðmundssonar á fund, er kjósa skal nýjan stjórnanda bresti hann vilja eða heilsu til að fara með stjórn stofnunarinnar, sbr. 5. gr.;

2. að boða alla afkomendur Jóns E. Guðmundssonar á fund, er kjósa skal nýjan stjórnanda, hafi rekstur stjórnanda brotið í bága við ákvæði þessarar skipulagsskrár, sbr. 7. gr.;
3. að verða stjórnanda til ráðuneytis óski hann þess.

7. gr.

Uppsögn stjórnanda.

Brjótí rekstur stjórnanda í bága við ákvæði þessarar skipulagsskrár, eða gerist hann sekur um vanrækslu á geymslu muna í eigu stofnunarinnar, skal fulltrúaráð boða alla afkomendur Jóns E. Guðmundssonar til fundar er kjósa skal nýjan stjórnanda í samræmi við ákvæði 5. gr.

8. gr.

Endurskoðun reikninga.

Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

9. gr.

Markmið.

Helsta markmið stofnunarinnar er að varðveita í einni heild öll listaverk Jóns E. Guðmundssonar. Stjórnendum stofnunarinnar, fyrr sem síðar, og afkomendum Jóns E. Guðmundssonar, er óheimilt að selja stofnunina eða selja eða gefa úr henni muni sem teljast til stofnfjár hennar. Munir stofnunarinnar skulu varðveittir af stjórnanda stofnunarinnar.

10. gr.

Rekstur.

Daglegur rekstur stofnunarinnar (s.s. sýningar, farandsýningar, útgáfa póstkorta af munum stofnunarinnar o.þ.h.), er alfarið í höndum stjórnanda hennar. Stjórnanda er heimilt að reka stofnunina í þeirri mynd sem hann kys, svo framarlega sem rekstur hennar brýtur ekki í bága við skipulagsskrá þessa og almenn lög um sjálfseignarstofnanir. Stjórnanda stofnunarinnar er heimilt að ráða fólk til þess að sjá um rekstur stofnunarinnar, svo fremi sem rekstur hennar stendur undir kostnaði þar að lútandi.

Stjórnanda er heimilt að greiða sér hæfileg laun fyrir vinnu sína við rekstur stofnunarinnar. Upphæð launa og kjör ákveður stjórnandi í samráði við fulltrúaráð.

Sé viðkomandi stjórnanda ekki unnt að halda sýningar á munum stofnunarinnar, ber honum að sjá til þess að þeir séu varðveittir og geymdir á viðeigandi stað.

Stjórnandi stofnunarinnar ber ábyrgð á varðveislu þeirra muna er hún hefur að geyma og skal sjá til þess að listaverkin verði ekki fyrir tjóni. Honum ber einnig að tryggja verkin samkvæmt hlutlausu mati tryggingafélags á þeim.

11. gr.

Eignir.

Stofnfé stofnunarinnar eru þau listaverk, sem talin eru upp í meðfylgjandi eignaskrá nr. 1, sem er hluti þessarar skipulagsskrár, öll önnur listaverk (málverk, útskornir munir, leikbrúður, tæki), sem eru í eigu Jóns E. Guðmundssonar, önnur en þau sem prýða heimili hans. Stofnfé stofnunarinnar er einnig bílageymsla og innréttingar hennar að Flyðrugranda 20 í Reykjavík, samtals að verðmæti kr. 527.000.

Óheimilt er að skerða listaverk stofnunarinnar og raungildi bílageymslunnar skal ávallt haldast óskert. Verði stofnuninni ánefndar aðrar eignir skulu gerðar um þær sérstakar eignaskrár, sem verða sjálfkrafa hluti skipulagsskrárinnar.

12. gr.

Breytingar og niðurlagning.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki stjórnanda stofnunarinnar og allra fulltrúaráðsmanna. Sama gildir um niðurlagningu stofnunarinnar.

Verði stofnunin lögð niður skulu eignir hennar renna til afkomenda Jóns E. Guðmundssonar.

13. gr.

Staðfesting.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. október 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Fylgiskjal.**Eignaskrá nr. 1.****Myndir teknar í Brúðuleikhúsi Jóns E. Guðmundssonar 31. mars 1997.**

- | | |
|------------------------------|---|
| 1. Rauðhetta | |
| 2. Veiðimaðurinn | |
| 3. Mamma Rauðhettu | |
| 4. Amma Rauðhettu | |
| 5. Úlfurinn | |
| 6. Píanóleikari | |
| 7. Gítarleikari | |
| 8. Kona frá Snæfellsnesi | |
| 9. Sveitamaður | |
| 10. Flautuleikari | |
| 11. Fugl | |
| 12. Bangsi með blöðruna | |
| 13. Flautuleikari með slöngu | Höggvin úr íslenskri furu |
| 14. Köttur | |
| 15. Dvergur (Tregur) | úr leikritinu Mjallhvít, hendur og andlit ísl. fura |
| 16. Veiðimaðurinn | úr leikritinu Mjallhvít, hendur og andlit ísl. fura |
| 17. Drottningin | úr leikritinu Mjallhvít, hendur og andlit ísl. fura |
| 18. Prinsinn | úr leikritinu Mjallhvít, hendur og andlit ísl. fura |
| 19. Dvergur (Krókur) | úr leikritinu Mjallhvít, hendur og andlit ísl. fura |
| 20. Fiðluleikari | hendur og andlit úr eik, fiðlan úr furu |
| 21. Kabarett dansmær | hendur og andlit úr eik |
| 22. Hólabiskup | andlit mótað í leir, pappír og skinn |
| 23. Útilegurkarl | Norður kaldan kjöl, mótaður í leir, pappír og skinn |

- | | |
|---|---|
| 24. Útilegukerling | Norður kaldan kjöl, mótuð í leir, pappír og skinn |
| 25. Biskupsfrúin | Norður kaldan kjöl, mótuð í leir, pappír og skinn |
| 26. Skálholtsbiskup | Norður kaldan kjöl, mótaður í leir, pappír og skinn |
| 27. Álfkonan | Norður kaldan kjöl, mótuð í leir, pappír og skinn |
| 28. Stúlka | Norður kaldan kjöl, mótuð í leir, pappír og skinn |
| 29. Siggi snarráði | Norður kaldan kjöl, mótaður í leir, pappír og skinn |
| 30. Montni Hans | Norður kaldan kjöl, mótaður í leir, pappír og skinn |
| 31. Nornin | úr Eldfærunum öll höggvin úr ísl. furu |
| 32. Kóngurinn | úr Eldfærunum allur höggvinn úr ísl. furu |
| 33. Drottningin | úr Eldfærunum öll höggvin úr ísl. furu |
| 34. Hermaður | úr Eldfærunum allur höggvinn úr ísl. furu |
| 35. Hermaður | úr Eldfærunum allur höggvinn úr ísl. furu |
| 36. Prinsessan | úr Eldfærunum öll höggvin úr ísl. furu |
| 37. Sauðamaður | úr Grámanni höggvinn úr ísl. furu |
| 38. Kerling | úr Garðshorni höggvin úr ísl. furu |
| 39. Karlinn | úr Garðshorni höggvinn úr ísl. furu |
| 40. Kóngurinn | í Grámanni í Garðshorni höggvinn úr ísl. furu |
| 41. Drottningin | í Grámanni í Garðshorni höggvinn úr ísl. furu |
| 42. Kóngsdóttirin | í Grámanni í Garðshorni höggvin úr ísl. furu |
| 43. Grámann | í Grámanni í Garðshorni höggvinn úr ísl. furu |
| 44. Engill | í Grámanni í Garðshorni höggvinn úr ísl. furu |
| 45. Presturinn | í Grámanni í Garðshorni höggvinn úr ísl. furu |
| 46. Böðullinn | úr páskahelgileik |
| 47. Kristur með krossinn | |
| 48. Tveir saman böðullinn og Kristur | |
| 49. Útskurðamynd | á leiksviði Brúðuleikhúss, höggvin úr ísl. birki |
| 50. Útskurðamynd | á leiksviði Brúðuleikhúss, höggvin úr ísl. birki |
| 51. Séra Sigvaldi | úr leikritinu Maður og kona, höggvinn úr furu |
| 52. Vonda drottningin | úr leikritinu Mjallhvít og dvergarnir sjö, höggvin |
| 53. Mjallhvít | úr leikritinu Mjallhvít og dvergarnir sjö, höggvin |
| 54. Hjálmar Tuddi | úr leikritinu Maður og kona, höggvinn úr furu |
| 55. Gudda | úr leikritinu Maður og kona, höggvin úr furu |
| 56. Þórarinn | úr leikritinu Maður og kona, höggvinn úr furu |
| 57. Þórdís | úr leikritinu Maður og kona, höggvin úr furu |
| 58. Rúna | úr leikritinu Maður og kona, höggvin úr furu |
| 59. Egill | úr leikritinu Maður og kona, höggvinn úr furu |
| 60. Þura | úr leikritinu Maður og kona, höggvin úr furu |
| 61. Egg í hreiðri séreign Valgerðar, skorið úr birki | |
| 62. Predikarinn | skorinn úr birki |
| 63. Gestabók | skorin úr birki |
| 64. Skartgripaskrín | skorið úr ísl. furu |
| 65. Maður við skriftir, búið til 1927, Jón 12 ára, skorið úr mahoný | |
| 66. Krían réði ekki við æti | skorið úr ísl. birki |
| 67. Rósalampi | skorinn úr ísl. birki |
| 68. Morgunbæn | skorin úr ísl. birki |
| 69. Móðir og barn | höggvin úr ísl. birki |
| 70. Óhappið | höggvið úr ísl. birki |
| 71. Hjálpa mannum heim | höggvið úr ísl. birki |
| 72. Gestabók | skorin úr birki |
| 73. Brúður úr jólastjörnunni Stjarnan í austri, höggvin úr birki | |
| 74. Fundarhamar | höggvinn úr ísl. birki |
| 75. Elskendur | höggvir úr mahoný |
| 76. Dauðadæmdir | höggvir úr mahoný |
| 77. Blindir leiða blindan | höggvið úr ísl. birki |

78. Frambjáðir höggvið úr ísl. birki
79. Kreppan höggvið úr ísl. birki
80. Sjómaður höfuð úr birki, hendur úr furu
81. Konan með köttinn skorin úr eik fyrir grafík
82. Köttur í veiðihug höggvinn úr birki
83. Við viljum hjálp höggvið úr birki
84. Dans unninn úr einum trjástofni
85. Friðardúfan unninn úr einum trjástofni
86. Hestur og maður árið 1954 hendur skornar úr furu, andlit leir og skinn
87. Saxafónleikari hendur og andlit skorið úr furu
88. Söngkonan hendur og andlit skorið úr furu
89. Gítarleikarinn árið 1958 skinn og hendur úr tré, andlit úr leir
90. Óperusöngvarinn Sjáni hendur úr tré, andlit úr leir og skinn
91. Píanóleikari Nikulás árið 1954, andlit leir og skinn
92. Leikritið Hans og Gréta, 5 manns árið 1954, hendur, andlit skorið úr furu
93. Að skemmta skrattanum árið 1977, skorið út í tré
94. Söngkonan úr Mjallhvít og dvergarnir, mótuð í leir nema hendur skornar í furu, líka stóll skorinn í furu
95. Apí - Handbrúða fyrir Gæsluvöll borgarinnar, búin til úr leir og skinni árið 1976
96. Jón ríki að skemmta skrattanum árið 1966, andlit og hendur skorið í furu
97. Lykla Pétur og kona að skemmta skrattanum árið 1977, hendur, andlit og fætur skorið í birki
98. Að skemmta skrattanum hendur, andlit og fætur skorið í birki
99. Að skemmta skrattanum lamb og karl, andlit og hendur skorið úr tré
100. Kabarett árið 1943-1944 sem farið var með kringum landið
101. Kabarett árið 1970
102. Brúðubíllinn J.E.G. var með hann í 3 ár. Nokkrar brúður sem þar koma fram
103. Kvartett, 4 saman. Fiðluleikari, jólasveinn og fleiri
104. Skuggasveinn, sýnt á Kjarvalsstöðum árið 1980
105. Skuggasveinn úr ýmsum stykkjum
106. Gosi unninn í leir og pappír, hendur úr tré
107. Siggí unninn í leir og pappír, hendur úr tré
108. Prestur Norður kaldan kjöl, unninn úr pappír og skinni
109. Gamall maður unninn í leir og skinn
110. Didda Hannesar, (eign hennar), leir og skinn, hendur úr tré
111. Handbrúða frá Gæsluvöllum, leir og skinn
112. Norður kaldan kjöl, norn leir og pappír
113. Norður kaldan kjöl, prestur leir og pappír
114. Óli úr Gosa, leir og pappír
115. Sýslumaður
116. Yfirlit í kjallara
117. Jón E. Guðmundsson